

**1925 nr. 31 27. júní****Lög um einkenning fiskiskipa**

Tóku gildi 23. september 1925. Breytt með l. 116/1990 (tóku gildi 31. des. 1990) og l. 19/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 1. og 3. mgr. 29. gr. sem tóku gildi 17. apríl 1991).

■ **1. gr.** Öll skip, íslensk sem erlend, sem ætluð eru til fiskiveiða, skulu bera á sér glöggöt heiti sitt og heimilisfang, er þau koma í íslenska landhelgi eða hafast þar við.<sup>1)</sup>

□ Botnvörpuskip og önnur fiskiskip, sem knúin eru eimorku, skulu bera nafn sitt og heimilisfang á afturstafni, enda skal setja nafn skips og önnur einkennismerki beggja megin á framstafn. Sleppa má nafni skipsins á framstafni, ef einkennismerki skipsins eru sett þar sams konar og þau, er segir í sammingum þeim, er um getur í næstu málsgrein hér á eftir.

□ Nú er skip svo merkt, sem segir í sammingi 6. maí 1882 um fiskiveiðar í Englandshafi, eða eins og mælt er í sammingi 24. júní 1901 um fiskiveiðagæslu utan landhelgi við Ísland og Færeysjum, og skal þá sú merking talin nægileg.

<sup>1)</sup> Rg. 493/1986 (um merkingu skipa).

■ **2. gr.** Bannað er að afmá einkenni þau, er í 1. gr. segir, eða afbaka þau, gera þau óþekkjanleg, hylja þau eða dylja, meðan skip er í íslenskri landhelgi.

■ **3. gr.** Það varðar sektum ...<sup>1)</sup> ef fiskiskip kemur í íslenska landhelgi, eða hefst þar við, án þess að hafa á sér merki þau, er í 1. gr. segir, eða ef brotið er af ásettu ráði bann það, er í 2. gr. getur. Nú á botnvörpuskip hlut að máli, og skal þá svo með fara, sem slíkt skip hefði verið í landhelgi og hefði komið veiðarfærum sínum ólöglega fyrir.

□ Nú verða fyrirmæli laga þessara um merkingu skipa brotin, án þess að ásetningsbrot verði talið, og liggur þá ...<sup>1)</sup> sekt við því.

□ Nú veiðir skip heimildarlaust í íslenskri landhelgi með vísvitandi duldum, afmáðum eða afbókuðum merkjum (sbr. 1. gr.), og skal þá ákveða refsingu fyrir brot þessi í einu lagi, en hækka skal sekt fyrir heimildarlausa veiði um allt að helmingi, og ekki má sekt lægri vera en sem svarar hæstu sekt fyrir fiskiveiðabrotið, ef gufuskip á hlut að máli.

<sup>1)</sup> L. 116/1990, 16. gr.

■ **4. gr. ...<sup>1)</sup>**

□ Sektir samkvæmt lögum þessum renna í landhelgissjóð. Til tryggingar greiðslu sektu og málskostnaðar má kyrsetja skip og síðan selja, að undangenginni aðförl, til lúkningar hvors tveggja.

<sup>1)</sup> L. 19/1991, 194. gr.